

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202202-0040 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurlands, dags. 25. febrúar 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna gerðar nýs deiliskipulags fyrir Fiskeldið Haukamýri.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulags- og matslýsinguna og telur að í henni komi fram það sem þurfi í skipulags- og matslýsingu deiliskipulags.

Svæðið er að stórum hluta raskað vegna núverandi starfsemi og nálægðar við þéttbýli. Þó er gert ráð fyrir að stækkun fiskeldis nái yfir gróíð svæði austan við núverandi athafnasvæði sem er samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar að mestu graslendi með votlendisblettum. Að mati Náttúrufræðistofnunar mætti gera betri úttekt á gróðurfari svæðisins og í leiðinni meta hvort svæðið sé nýtt fyrir varp mófugla. Mikilvægt er að forðast óþarfa rask á gróðurlendi. Vestan og sunnan við núverandi athafnasvæði er lúpína ríkjandi. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti að horfa frekar til þess svæðis þegar uppbyggingarreitir eru skilgreindir.

Gera má ráð fyrir að stækkun fiskeldisins muni fela í sér áskoranir fyrir frárennslis- og úrgangsmál. Huga þarf vel að því atriði og meta áhrif á lífríki í viðtaka. Einnig má gera ráð fyrir að fuglar sæki í frárennslis í vaxandi mæli en töluvert er um ásókn fugla í svæðið í dag. Ef þörf er á aðgerðum til að fæla burt fuglalíf skal velja aðgerðir sem ógna ekki fuglunum.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari ábendingar á þessu stigi en áskilur sér rétt að athugasemdum á síðari stigum deiliskipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS